


Varasamur gróður

Hættur vegna trjáa

Heilbrigð tré sem vaxið hafa og dafnað eru venjulega sterkbyggð og af þeim stafar yfirleitt ekki nokkur hættu. Á einu æviskeiði, sem spannar a.m.k. tugi ára, getur þó ýmisslegt breyst sem haft getur áhrif á tréð. Ljóst er að skemmdir á trjánum hafa alltaf áhrif til hins verra og því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir að slíkt hendi.



Gömul tré sem orðið hafa fyrir skemmdum við framkvæmdir og eru því hálf lauflaus og vesæl

Áhættuþættir sem geta valdið því að tré geta orðið varasöm eða hættuleg á einhverjum tímapunkti eru:

- Ytri eða innri skemmdir á trjárótum, stofni eða krónu
- Slæmar aðgerðir, grisjun, klippingar, framkvæmdir
- Gallar í vaxtarformi trésins
- Óheppileg staðsetning trésins
- Ástand trésins og þrif
- Lífaldur tegundar

Í nágrannalöndum okkar hafa verið gerðar úttektir á trjágróðri m.a. til að átta sig á hugsanlegum hættum af trjánnum sjálfum. Talað er um „hættutré“ ef að tréð reynist vera varasamt af einhverjum ástæðum. Tré geta fallið á hliðina, rifnað upp með rötum, brotnað í sundur eða greinar geta fallið úr trjákrónum. Venjulega tengjum við slíkt við óveður enda ljóst að í mörgum tilfellum gerast veður það mikil að eitthvað verður undan að láta. Færri vita að í mjög mörgum tilvikum eru ástæðurnar tengdar áhættuþáttunum sem áður var getið en ekki eingöngu veðrinu. Árlega fá þúsundir trjáa það mat að þau beri að fella. Önnur eru lagfærð á viðeigandi hátt til að afstýra hættu. Nauðsynlegt er að sýna árvekni hvað þetta varðar.



Tré geta rifnað upp með rötum, fallið á hliðina eða brotnað í sundur!



Stórt sár og halli skurðarins þannig að tréð getur ekki lokað sárinu



Sprungu niður frá greinavinkli. Tréð mun klofna á einhverjum tímapunkti



Skurður ekki tekinn á réttum stað. Stubbur fúnar og rot kemst inn í stofn

Sár eftir mjög stórar greinar eiga erfitt með að gróa. Eftir því sem grein er stærri tekur lengri tíma fyrir tréð að loka sárflötinum, ef það tekst þá yfirhöfuð, því á þeim tíma komast örverur að og geta valdið roti eða skemmd. Því þarf að meta vel hvort fara á í slíkar aðgerðir eða hvort heppilegra sé hreinlega að fella tréð.

Því miður er nokkuð algengt að grafið sé of nærri rôtarkerfi trjáa þegar á framkvæmdum stendur. Ef grafa þarf svo nálægt tré að líklegt er að rôtarkerfi skemmist að hluta til eða að stórum hluta til er nauðsynlegt að meta hvort fjarlægja eigi tréð eða lofa því að standa áfram þrátt fyrir hugsanlegar skemmdir. Rótarskert tré er alltaf í meiri hættu en önnur tré við að falla á hliðina í vondum veðrum.



Alltaf þarf að meta hvort tré eigi sér von í því umhverfi og jarðvegi sem verður að loknum framkvæmdum

Minniháttar rôtarskerðing kemur oft ekki að sök en mikilvægt er að rætur séu klipptar eða sagaðar með beittum og góðum verkfærum. Brotnar eða klofnar rætur geta verið leið örvera inn í heilbrigðan vef og geta valdið roti eða skemmd.

Kollun er aðgerð þar sem um er að ræða þverskurð á stofni og slíkum sárum geta tré ekki lokað, hafa einfaldlega ekki eiginleika til þess. Þegar tekið hefur verið ofan af trjám verður mikið ójafnvægi á milli rôtar og yfirvaxtar (sem er þá eingöngu stofn). Mikil orka er í rötum og tréð fer að leggja allt í að setja út greinar og nýja krónu.



Ástæður þess að sumir hafa farið í að kolla trén sín þ.e. að taka ofan af þeim er að þeir telja að þannig megi lækka gróðurinn til að hann skyggi minna á sólina í garðinum eða skerði ekki útsýni. Einnig virðist



Kolluð tré eru ekki bara dauðadæmd heldur líta þau óeðlilega út!

vera að fólk tengi slíkar aðgerðir við sérstakar klippingar sem sjá má víða erlendis t.d. í hallargörðum. Kollun á ekkert skylt við þær aðferðir! Við kollun er sagað þvert ofan af trjánum þannig að stór sár myndast. Tré hafa alls ekki varnir þ.e. eiginleika til að loka sárum sem ganga þvert á stofn, ólíkt sárum eftir hliðargreinar. Það sem gerist er að upp vaxa margir toppar sem brátt mynda stærri krónu en áður var. Topparnir myndast úr hliðarbrumum og festing þeirra við stofn er viðkvæm og brotgjörn sem skapar hættu. Þegar stofninn er þverskorinn kemst rot í stofninn og lífsþróttur trjánna smám saman fjarar út, löngu áður en þeirra tími hefði annars komið. Á þeim tíma geta þau verið hættuleg t.d. þegar óveður gengur yfir.

Sláttur með vélorfi getur valdið varanlegum skaða á trjástofnum. Ef nælonþráður nær í stofninn flísast úr berki og því miður eru mörg dæmi eru um að slíkt hafi gerst. Litlar sem engar líkur eru á að sárin grói. Vatns- og næringarefnaflutningur fer þarna fram, upp og niður eftir stofninum. Skemmdirnar stöðva því flutninginn og trén líða skort. Ef skemmdin nær allan hringinn er dauðinn vís. Skemmdir á stofni geta valdið brothættu og skemmdin getur orðið „veikasti hlekkurinn“ í trjástofninum.



Sláttuorfið þarf einungis að rekast einu sinni í tréð til að valda varanlegum skemmdum!

Sama gildir um allar sambærilegar skemmdir á trjám sem verða vegna óhappa eða hugsunarleysis. Oft er ekið utan í tré sem standa í götuumhverfi. Slíkar skemmdir geta síðar skapað slyshættu, enda er



Það er ekki hægt að láta jólaseríur vera á trjám í lengri tíma!

um varanlegan skaða að ræða, eins og áður hefur komið fram. Þekkt er að skemmdir vegna jólaskreytinga geti verið miklar og haft slæm áhrif til lengdar, sérstaklega ef spennur og annar búnaður er látinn vera á trénu eða gleymist að fjarlægja.

Sandur sem oft er notaður til að þekja beð getur hæglega skemmt tré varanlega. Þær skemmdir geta einnig orðið að viðkvæmum brotpunkti seinna meir.

Skemmdirnar verða af tvennskonar völdum, annarsvegar ef sandlag er mjög þykkt (meira en 5 cm) upp við rótarháls og hinsvegar ef sandurinn er grófur og skarpur (brotið efni/mulið). Við þær aðstæður þegar sandur er frosinn og vindur er, hreyfist stofninn og sandkorn þrýstast inn í börkinn. Afleiðingar þessa verða þeim mun meiri eftir því sem sandurinn er grófari og í þykkara lagi.



Særindi undan sandi valda frekari skemmdum og frostsprungum

Uppbindingar eiga að styðja við tréð þar til rótfestu er náð, á fyrsta eða öðru vaxtartímabili, en gleymast oft og valda varanlegum skaða á trjánum. Staurar rekast í stofna eða uppbindiefni herða svo að stofnum að safastreymi takmarkast. Mikilvægt er að uppbindingar séu fjarlægðar á réttum tíma.

Skemmdir geta hæglega orðið að viðkvæmum brotpunkti seinna meir.



Dæmi um annars góða uppbindingu sem farin er að valda skaða

Varasamar eða hættulegar plöntur

Í umhverfi okkar eru nokkrar tegundir plantna sem þarf að varast að snerta eða neyta. Sumar þessara plantna valda ertingu og óþægindum í augum, slímhimnu og húð en einnig ofnæmisviðbrögðum. Aðrar plöntur eru eittraðar að hluta til eða að öllu leyti. Þynnar plantna geta valdið miklum sársauka í stungusár og jafnvel skaða ef þeir lenda í augum.

Mikilvægt er að þekkja þær og varast þótt það geti oft verið erfitt. Margar þeirra höfum við til skrauts í híbýlum sem pottaplöntur. Aðrar ræktum við í görðum okkar og enn aðrar lifa í náttúru landsins.

Þær garðplöntur sem flestir telja að séu hættulegar eða eittraðar eru gullregn (Laburnum), töfratré (Daphne) og venusvagn



Auðvelt er að meiða sig á slíkum þynnum!



Gullregn er ákaflega fallegt tré og sómir sér vel í görðum. Allir hlutar plöntunnar eru þó eittraðir

(Aconitum). Af stofublómum eru það helst jólastjarna (Euphorbia), friðarlilja (Spathiphyllum) og nería/lárviðarrós (Nerium). Vitað er að allar þessar plöntur hafa í sér eitrefni eða ertandi safi og ber því almennt að varast, sérstaklega þar sem börn eru. Nauðsynlegt er að hreinsa ávallt upp visnuð blóm ef börn eru á staðnum.

ágengar heldur einnig hættulegar, þar sem safi úr þeim er eittraður á þann hátt að hann veldur s.k. ljósertiexemi. Ef safi úr plöntunni berst á húðina, verður húðin alsett brunablöðrum líkt og viðkomandi hafi brennt sig á eldi. Húðin verður viðkvæm fyrir útfjólubláu ljósi og jafnvel minnsta birta veldur bruna.

Tegundir risahvanna sem vaxa hérlendis eru tröllakló og bjarnarkló en sú síðarnefnda hefur meira útbreiðsluvæði.

Í nágrannalöndum okkar hafa risahvannir breiðst hratt út um ræktarlönd og náttúrusvæði. Slysum sem rekja má til þeirra hefur líka fjölgað. Mikil áhersla er á að uppræta hana alveg og hafa verið gefin sérstök leyfi eða undanþágur til eiturúðunar á. Hérlendis hafa Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun einnig hvatt til upprætingar risahvanna enda nauðsynlegt að takast á við vandamálið fyrr en seinna.



Risahvannir eins og tröllakló og bjarnarkló er nokkuð víða að finna í þéttbýli hérlendis. Þær eru mjög hættulegar þar sem þær brenna hörund.

Hægt er að láta vita af slíkum plöntum á netfanginu agengartegundir@ni.is

Hættulegir sveppir

Nokkrar tegundir sveppa sem finnast í íslenskri náttúru eru eittraðir og geta valdið tímabundnum áhrifum eða varanlegum skaða á líffærum, jafnvel dauða. Það er sem betur fer alkunna að fara þarf

varlega í að neyta sveppa úr náttúrunni og alveg nauðsynlegt að þekkja þá í sjón eða leita sér upplýsinga áður. Gæta þarf þess að börn komist ekki í snertingu við slíka sveppi.

Flestir myndu þekkja berserkjasveppi (Amanita) finnu þeir einn slíkan, enda skera þeir sig vel úr



umhverfinu í skóglendi með eldrauðum hatti og hvítum skellum. Þeir eru eittraðir eins og fjöldi sveppa og mjög lítið magn þarf að innbyrða til þess að fá eitrun. Útbreiðsla þeirra fylgir birki og er því talsvert mikil hérlendis.

Í þéttbýlinu vaxa enn fremur eittraðir sveppir á grasflötum, túnum, umferðareyjum og víðar. Sést hefur til manna í leit að slíkum sveppum til neyslu. Nokkrar tegundir vaxa við slík skilyrði og geta reynst stórhættulegir



en bleksveppir eða bleklar (Coprinus) eru þar á meðal og valda kröftugum eitrunum sem vara lengi.

Sveppir – hættuspil að neyta!

Mynd tekin af vefslóðinni:
<http://www.visir.is/folk-hefur-ordid-veikt-a-gedi-ef-tir-sveppaat/article/2013130919083>

Garðlumma (Paxillus involutus) er eittraður sveppur sem er nokkuð útbreiddur hérlendis í birkikjarri en einnig í görðum og grasflötum.



Viðarkveif (Galeriana marginata) og fleiri tegundir geta vaxið í trjákurli sem lagt hefur verið út á göngustíga. Þær geta valdið eitrunaráhrifum. Ef gengið er með hunda á slíkum göngustígum þarf séstaklega að varast að þeir tíni ekki slíka sveppi upp í sig þar sem það veldur einnig eitrunaráhrifum, jafnvel dauða dýranna.

Meiri fróðleikur um hættulegar jurtir og sveppi er að finna á Vísindavefnum og vef Náttúrufræðistofnunar Íslands. Enn fremur er listi yfir skaðlegar jurtir á slóðinni:

www.landsbjorg.is/assets/slysavarnirheimilid/skadlegar_jurtir.pdf